158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 308 — 76. mál.
2. umræða.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum (framlenging búvörusamninga).

Frá atvinnuveganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti frá atvinnuvegaráðuneyti, Samtökum fyrirtækja í landbúnaði og Samtökum iðnaðarins.

Með frumvarpinu er mælt fyrir um breyttan gildistíma búvörusamninga í ákvæðum búvörulaga og búnaðarlaga. Lögð eru til breytt ártöl í búvörulögum auk bráðabirgðaákvæðis í búnaðarlögum.

Fyrir liggur samkomulag milli atvinnuvegaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra annars vegar og Bændasamtaka Íslands hins vegar þess efnis að núgildandi búvörusamningar verði framlengdir til 31. desember 2027 á meðan samningsviðræður milli aðila standa yfir.

Nefndinni bárust tvær umsagnir um málið, frá Bændasamtökum Íslands og sameiginleg umsögn frá Samtökum fyrirtækja í landbúnaði og Samtökum iðnaðarins. Báðar umsagnir eru jákvæðar um málið og hvetja umsagnaraðilar Alþingi til að afgreiða málið.

Að framangreindu virtu leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristján Þórður Snæbjarnarson og Ingvar Þóroddsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en rita undir álitið samkvæmt heimild í 2. mgr. 29. gr. þingskapa.

Halla Hrund Logadóttir, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 22. október 2026.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, form.	Eiríkur Björn Björgvinsson, frsm.	Árni Helgason.
Bergþór Ólason.	Eydís Ásbjörnsdóttir.	Ingvar Þóroddsson.
Jón Gunnarsson.	Kristján Þórður Snæbjarnarson.	Sigurjón Þórðarson.